



Reykjavík, 12. maí 2026
USK26030431

Varðar: 1. lota borgarlínu - Laugavegur frá Katrínartúni að Bolholti – leggur 130.5

Lögð fram umsókn Mikæls Jóhanns Traustasonar, dags. 25. mars 2026, um framkvæmdaleyfi vegna endurgerð götustæðis og gangstétta á Laugavegi frá Katrínartúni að Bolholti þar sem gert verður nýtt miðlægt sérrými fyrir almenningsamgöngur með aðskilnaði frá almennri umferð og gatnamótum Nóatúns, auk tengisvæða við Katrínartún og Hátún að norðanverðu. Helstu framkvæmdir: Rif og förgun á malbiki, hellum, steypu auk götugagna, jarðvegsskiptum og fullnaðarfrágangi fyllinga undir götur og gangstéttar, endurnýjun/nýlagnir fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og snjóbræðslu, fullnaðarfrágangur stoðveggja sem og burðarvirkja undir stöðvum, malbikun gatna og hellulögn gangstétta, ásamt fullnaðarfrágangi gatnalýsingar, umferðarljósa, skilta og merkinga, samkvæmt uppdr. VSÓ Ráðgjafar, dags. 12. febrúar 2026, uppdrætti Gottlieb Paludan Architects dags. 20. janúar 2026 og uppdrætti HMIT dags. 15. apríl 2026. Áætlaður framkvæmdatími er frá maí 2026 til nóvember 2028.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 liggur Borgarlínan um miðsvæði M2a, íbúðasvæði ÍB20, Verslunar- og þjónustusvæði VÞ5 og Miðsvæði M2b. Á þéttbýlisuppdrætti er búið að merkja inn legu Borgarlínu gegnum svæðið.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Borgarlínu 1. lotu – Laugavegur frá Suðurlandsbraut að Hlemmi, samþykkt í borgarráði 10. júlí 2025 og tók það gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 31. október 2025.

Í deiliskipulagi er gert ítarlega grein fyrir því hvernig lega borgarlínu, göngu- og hjólastíga skal vera auk þess sem þar er tilgreind staðsetning borgarlínustöðva. Að auki er sýnt hvernig gatnamótum skal vera háttað.



Reykjavík



Lýsing á framkvæmd

Umfang framkvæmda Nú er unnið að framkvæmdum á Hlemmsvæði á vegum Reykjavíkurborgar. Stefnt er á frekari útboð þar, þar sem framkvæmd vegna Borgarlínu í gegnum það svæði ásamt breytingum á Snorrabraut eru hluti af því útboði. Laugavegur gatnagerðarleggur 130.05 sem nú er sótt um er í framhaldi af Laugaveg frá Katrínartúni og nær að Bolholti. Framkvæmdin felst í endurgerð götustæðis og gangstétta á Laugavegi þar sem gert verður nýtt miðlægt sérrými fyrir almenningssamgöngur með aðskilnaði frá almennri umferð og gatnamótum Nóatúns, auk tengisvæða við Katrínartún og Hátún að norðanverðu.

Helstu framkvæmdir:

- Rif og förgun á malbiki, hellum, steypu auk götugagna.
- Jarðvegsskiptum og fullnaðarfrágangi fyllinga undir götur og gangstéttar.
- Endurnýjun/nýlagnir fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og snjóbræðslu.
- Fullnaðarfrágangur stoðveggja sem og burðarvirkja undir stöðvum.
- Malbikun gatna og hellulögn gangstétta.
- Fullnaðarfrágangur gatnalýsingar, umferðarljósa, skilta og merkinga.

Framkvæmdatími

Áætlaður framkvæmdatími vegna framkvæmdarinnar er frá maí 2026 og út nóvember 2028.

Umsögn

Betri samgöngur, fyrir hönd ríkis og sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu, áforma uppbyggingu Borgarlínunnar, hágæðakerfi almenningssamgangna. Um er að ræða verkefni í sex lotum sem unnið verður að á næstu árum. Vegagerðin, og innan hennar verkefnastofa Borgarlínu, stendur að undirbúningi framkvæmdarinnar og mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun um Borgarlínuna byggir á samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, samgönguáætlun 2020–2034 og aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Jafnframt fellur hún að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, viljayfirlýsingu um að beina fjármagni í sjálfbæra uppbyggingu, Landsskipulagsstefnu og stefnum í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og segir í greinagerð deiliskipulags er meginmarkmið Borgarlínu að bjóða upp á betri þjónustu almenningssamganga en hefur þekkt hér á landi.





Veitur

Í framkvæmdalýsingu og uppdráttum Gottlieb Paludan Architects dags. 20. janúar 2026 og HNIT dags. 15. apríl 2026 er fjallað um endurlagningu eldri lagna, tilfærslu eldri lagna og að auki skal koma fyrir nýjum lögnum.

Í viðauka 10 við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er fjallað um veitur og vatnsvernd í tengslum við forsendur í skipulagi. Um veitur segir m.a.:

Veitur ohf. (dótturfyrirtæki Orkuveitur Reykjavíkur) sjá um rekstur stofn- og dreifikerfis rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í Reykjavík og að hluta til í öðrum sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sem hluta af þeim rekstri þurfa Veitur að tryggja þjónustu við notendur með nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun veitukerfanna, þ.e. lagna og strengja neðanjarðar og mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka, dælustöðva og hreinsistöðva vatnsmiðla.

Lóðin Hátún 8A er eina lóðin innan skipulagssvæðis Borgarlínu sbr. greinagerð deiliskipulags. Á lóðinni er niðurgrafið mannvirki sem er tæknirými fyrir lagnir og stjórnbúnað snjóbræðslu fyrir svæðið. Á skipulagsuppdrætti er kvöð um aðkomu vinnutækja vegna viðhalds og reksturs tæknirýmisins.

Bent er á að hafa skal samráð við eigendur núverandi lagna vegna framkvæmdarinnar.

Minjar

Eins og kemur fram í deiliskipulagi hefur farið fram húsakönnun og skráning fornleifa á svæðinu.

Á skipulagssvæðinu eru skráðar heimildir um þrjár fornleifar:

- Býlið Tunga (9-72) - sem staðsett var rétt vestan við götuna Hátún. Leifar af þessu býli gætu komið í ljós við jarðrask.
- Brú (230-200) - sem reist var yfir Fúlutjarnarlæk árið 1901, en lækurinn var settur var í stökk árið 1957 og er því ekki lengur sýnilegur.
- Túngarður Lækjarhvammur (230-201) - sem tilheyrði býlinu Lækjarhvammi.

Staðsetning stöðvarinnar Hátún er staðsett nærri því svæði sem heimildir eru um fornleifar býlisins Tungu sbr. fornleifaskráningu. Ekki er hægt að útiloka að fornleifar komi í ljós við jarðrask á þessu svæði og fer Minjastofnun því fram á að fenginn verði fornleifafræðingur til þess að hafa framkvæmdareftirlit á því svæði sem nemur 15 metra út frá ystu mörkum, sjá mynd 3:5. Ef komið er niður á minjar af því tagi, að fornleifafræðingur telur ástæðu til að stöðva framkvæmd, ber að hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Mengaður jarðvegur

Taka skal mið af skrá Umhverfisstofnunar yfir megnaðan jarðveg eða grun um slíkan. Við framkvæmdir skal hafa í huga að eldri mengaður jarðvegur gæti leynst undir mannvirkjum og í jörðu. Ef áður óþekktur mengaður jarðvegur finnst við framkvæmd



verks skal, samkvæmt reglugerð nr. 1400/2020, hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Umhverfisstofnun.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sem staðfest var árið 2015. Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040 er lega borgarlínu staðfest. Ekki er gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir borgarlínu lotu 1. þar sem framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, gildandi svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið sem og deiliskipulag. Um er að ræða mikilvæga innviðauppbýggingu í tengslum við bætt almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu öllu. Umhverfismatsskýrsla vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Mikilvægt er að framkvæmdaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávik skulu skráð.
- Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.
- Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að á leggnum eru þekktar minjar taldar í mikilli hættu. Í umhverfismatsskýrslu er lagt til að rannsaka þær fornminjar sem taldar eru í hættu sem og hafa eftirlit með þeim. Fylgja skal þessum ráðleggingum um mótvægisáðgerðir sem settar eru fram í umhverfismatsskýrslu.
- Við framkvæmd Borgarlínunnar gildir eins og við aðrar framkvæmdir að finnist áður ókunnar fornleifar skal skv. 24.gr. laga um menningarminjar stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er.
- Tryggja skal greiða leið vegna aðkomu neyðarbíla um svæðið á framkvæmdartíma.
- Hafa skal samráð við eigendur lagna á framkvæmdarsvæðinu vegna framkvæmdarinnar.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna 1. lotu borgarlínu, legg 130.5, Laugavegur frá Katrínartúni að Bolholti.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



Reykjavík